

78.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 21.apríl 2017 og hófst kl. 16.00.

Mætt voru: Hulda Elsa, Erla Kristín, Róbert, Alex og Gry. María sat fundinn. Þorunn og Rósa boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

#### 1. Afreksstefna 2017-2025

Afreksnefndin hefur skilað tillögu að nýrri afreksstefnu. Farið varið yfir helstu breytingar og nokkrar athugasemdir gerðar. Drögin verða lögð fyrir formannafund.

#### 2. Umsókn Lyftingafélags Austurlands

Staðfesting hefur ekki borist frá héraðssambandi en það þarf að berast áður en félagið fái formlega aðild að sambandinu

#### 3. Umsjá fréttatilkynninga eftir mót til fjölmiðla

Óljóst hefur verið hver beri ábyrgð á fréttatilkynningum eftir mót.

Ákveðið að sá sem skrifar frétt á kraft.is um leið sendi tilkynninga á fréttamiðla. Póstlisti er til.

Stjórnarmenn hafa samráð sín á milli um hver sendir tilkynningar eftir mót erlendis.

#### 4. Hækkun dagpeninga fyrir þjálfara

Á fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir ákveðinni upphæð í dagpeninga fyrir head coach og ekki svigrúm fyrir meira. Ef sambandið fær aukið framlag úr afrekssjóði eru greiðslur til verkefnastjóra eitt af því sem stjórnin vil taka til skoðunar.

#### 5. Frestun skila á starfsskýrslum til ÍSÍ (frestur til 15. maí).

Nýja felix hefur reynst óaðgengilegt. **Gry** kemur á fundi með umsjónarmann kerfisins sem fyrst og þeim stjórnarmönnum sem vilja vera með. **Gry** tekur ábyrgð á að starfsskýrsla verði skilað.

#### 6. Skipan í nefndir, erindisbréf

Búið er að skipa allar nefndir og fá samþykki nefndarmanna, nema fræðslunefndar. **Róbert** klára það verk og birtir nefndarskipan á kraft.is

#### 7. Starfsmaður KRAFT

**María** sendi sem fyrst starfslýsingu svo hægt verði að halda áfram með málið.

#### 8. Fagteymi

**Alex** sendir nöfn fagteymis KFA og samningatexta til Huldu.

**Hulda** og **Erla** vinna að því að endurnýja samninga við fagteymi I Reykjavík.

Ekkert fleira gert

Fundi lauk 17.45

Fundarritari Gry